

Samantekt: Do Short Term Exchange Rate Movements Depend on Quantitative Factors?

Nemandi: Eyþór Kristleifsson

Sérsvið: Fjármálahagfræði

Dagsetning: Maí 2008

Kannaðir eru hugsanlegir áhrifavaldar tíðra skammtímahreyfinga á gengi gjaldmiðla. Veitt er yfirlit yfir sögulega þróun mála á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum fram til dagsins í dag. Farið er yfir helstu kenningar sem settar hafa verið fram um ákvörðun og þróin á gengi gjaldmiðla. Næst eru skoðaðar aðferðir til að mæla og prófa samband mismunandi breyta og gengishreyfinga gjaldmiðla. “Artificial Neural Networks” (ANN) eru notuð í þeim tilgangi að finna nálgun á ólínulegu margvíðu ferli sem getur spá fyrir daglegu gengi gjaldmiðla með meiri nákvæmni en “random walk”. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að spár ANN nálgunarinnar á margvíða gengisákvörðunarferlinu séu marktækt betri en spár “random walk” ferilsins. Spár ANN ferilsins skýra um það bil 2% daglegra hreyfina gjaldmiðla. Utanúrtaks (e. out-of-sample) nákvæmni spáa ANN ferilsins gefa til kynna að undirliggjandi ákvörðunarferli kunni að vera til staðar. Hugsanlega væri hægt að smíða töluvert nákvæmara líkan fyrir þessu ferli með beitingu annarra aðferða.